

NÝTINGARLEYFI

Leyfi UOS-2025-L013-01

Leyfi til nýtingar grunnvatns

HEF veitur

Fellabrún 1, Egilsstöðum

Kt.: 470605-1110

1. Almenn

Umhverfis- og orkustofnun veitir HEF veitum, kt. 470605-1110, hér eftir nefndar leyfishafi, leyfi til nýtingar á grunnvatni, með vísan til 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (hér eftir auðlindalög).

Leyfið tekur til nýtingarsvæðis við Búlandsá í sveitarfélaginu Múlaþingi, hér eftir nefnt nýtingarsvæði. Svæðið er nánar afmarkað af hnitum og korti í fylgiskjali 1 og telst hluti leyfisins.

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalög). Verði gerð breyting á nafni leyfishafa ber að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um slíka breytingu.

Leyfishafi getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig, hann ábyrgist þó áfram að ákvæðum nýtingarleyfisins sé fylgt.

Leyfishafa ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

2. Gildistími

Nýtingarleyfið gildir frá útgáfudegi til 3. apríl 2055.

Leyfið fellur úr gildi ef vinnsla grunnvatns hefur ekki hafist innan þriggja ára eftir veitingu þess, sbr. 1. mgr. 7. gr. auðlindalaga. Nýting án nýtingarleyfis er óheimil.

3. Umfang nýtingar

Leyfi þetta felur í sér heimild til handa leyfishafa til að nýta grunnvatn fyrir vatnsveitu á vegum sveitarfélagsins. Um er að ræða nýtingu á grunnvatni sem skal vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í fylgiskjali 1. Nýtt vatnsból er alfarið innan jarðarinnar Teigarhorns og þar með fólkvangsins Teigarhorns.

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt að nýta allt að 40 l/s af fersku grunnvatni á tilgreindu leyfissvæði. Meðalnýting yfir árið skal ekki vera meiri en sem samsvarar 15 l/s.

Leyfishafa ber að haga vinnslu sinni þannig að nýting verði sem best til lengri tíma litið og gæta þess að taka ekki meira vatn en þörf er á til starfseminnar. Hann skal við framkvæmdir og nýtingu á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni nýtingarsvæðisins.

4. Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu grunnvatnshlot ná þeim umhverfis-markmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Samkvæmt 12. gr. laganna má ástandi vatnshlota ekki hnigna hvorki tímabundið né varanlega. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Tryggja ber sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Starfsemin skal einnig vera í samræmi við reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

5. Frágangur starfsstöðvar og svæðis

Leyfishafa er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Leyfishafi skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spilt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið svo sem nokkur kostur er í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera þannig að hann fyrirbyggji ekki framtíðarnotkun jarðrænna auðlinda á svæðinu. Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi loka þeim og merkja.

6. Eftirlit og vöktun

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins samkvæmt IX. kafla auðlindalaga.

Leyfishafi skal viðhalda virku innra eftirliti með framkvæmd leyfis. Halda ber skrár um magn, nýtingarhraða og eiginleika þess grunnvatns sem er tekið og nýtt. Þá ber leyfishafa að vakta áhrif nýtingarinnar á grunnvatnsborð.

Leyfishafi skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar áætlun um tíðni og fyrirkomulag innra eftirlits og vöktun á áhrifum nýtingar innan sex mánaða frá útgáfu leyfis. Eftirlits- og vöktunaráætlunin skal endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2030 og síðan á fimm ára fresti á leyfistímanum, eða ef eftirlitsaðili eða leyfishafi óskar þess.

Komi til nýtingar fleiri aðila á sama svæði, getur Umhverfis- og orkustofnun jafnframt gert kröfu um að leyfishafar skili sameiginlegri vöktunaráætlun og keyrslu grunnvatnslíkans er sýni áhrif nýtingarinnar á grunnvatn.

Samkvæmt 22. gr. auðlindalaga eru boranir tilkynningaskyldar til Umhverfis- og orkustofnunar á því formi sem stofnunin tilgreinir hverju sinni.

Stofnunin hefur samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

7. Upplýsingaskylda og meðferð upplýsinga

Leyfishafi skal senda Umhverfis- og orkustofnun skýrslu fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár, þar sem fram koma upplýsingar um upptöku og nýtingu auðlindar og aðrar upplýsingar sem gefa til kynna stöðu og ástand auðlindar skv. eftirlits- og vöktunaráætlun leyfishafa. Um skil á gögnum skal fylgja gildandi leiðbeiningum stofnunarinnar á hverjum tíma.

Heimilt er að gera skilaskyld gögn opinber og aðgengileg innan árs frá gerð þeirra í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Telji leyfishafi, vegna viðskiptahagsmuna eða samkeppnissjónarmiða, mikilvægt að framlengja trúnaði yfir ákveðnum upplýsingum getur leyfishafi óskað þess við Umhverfis- og orkustofnun til 5 ára í senn, gegn rökstuðningi.

8. Skaðabótaskylda og vátryggingar

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

9. Afturköllun og endurskoðun leyfis

Umhverfis- og orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. auðlindalaga eða samningum sem tengjast leyfinu. Ennfremur getur Umhverfis- og orkustofnun afturkallað nýtingarleyfið ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis.

Umhverfis- og orkustofnun er einnig heimilt að endurskoða nýtingarleyfið eða setja ný skilyrði leiði vöktun í ljós að umhverfismarkmið, sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki, sbr. 2. mgr. 17. gr. auðlindalaga. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti. Endurskoðun leyfisins skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ólögfestum meginreglum stjórnarsýsluréttarins.

10. Gjaldtaka

Fyrir leyfi sem Umhverfis- og orkustofnun veitir og fyrir eftirlit sem stofnuninni er falið skv. auðlindalögum er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá.

11. Kæruheimild

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu nýtingarleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 2. mgr. 33. gr. auðlindalaga og sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 3. apríl 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri

Matthildur Bára Stefánsdóttir
Jarðfræðingur

Fylgiskjal 1

Kort af leyfissvæði og hnitaskrá.



Mynd 1. Leyfiskort.

Tafla 1. Hnit leyfissvæðis í hnitakerfi ISN93.

Nr	X	Y
1	720350,0	473515,9
2	720453,0	473458,3
3	720400,8	473301,9
4	720315,2	473339,4

Fylgiskjal 2

Greinargerð með leyfi til nýtingar á grunnvatni við Búlandsá, Múlapingi.

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun sem tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Inngangur

Með tölvupósti, dags. 14. júní 2024, sendu HEF veitur ehf. (hér eftir nefndur leyfishafi) umsókn um nýtingarleyfi til Orkustofnunar fyrir töku á grunnvatni úr brunnsvæði skilgreinds vatnsverndarsvæðis við Búlandsá í Múlapingi, í samræmi við 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög). Með tölvupósti, dags. 11. desember 2024, staðfesti Orkustofnun móttöku erindisins og gerði nokkrar athugasemdir við framsetningu og efnisinnihald umsóknar. Var óskað eftir því að umsækjandi sendi stofnuninni nýja heilstæða umsókn þar sem brugðist væri við framkomnum athugasemdum. Þann 14. desember 2024 barst Orkustofnun ný umsókn, sem leyfishafi uppfærði þann 29. janúar 2025 og sendi til Umhverfis- og orkustofnunar, í ljósi bættra rennismælinga.

Áformuð er nýting á 15 l/s að meðaltali af fersku grunnvatni og er líklegt hámark 30 l/s, en sótt var um nýtingarleyfi fyrir allt að 40 l/s til 50 ára. Núverandi vatnsból verður notað sem neyðarvatnsból og fyrir eitt sumarhús.

Tilgangur fyrirhugaðrar nýtingar er að skipta út núverandi vatnsbóli Djúpavogs sem staðsett er í landi Teigarhorns, undir Stóruskriðugili í norðurhlíðum Búlandsdals. Vatnsbólið hefur verið lélegt síðan skriður féllu á brunna, eins og fram kemur í áhrifamati leyfishafa. Í ljósi brýnna almannahagsmuna var því óskað eftir að málsmeðferð yrði hraðað eins og unnt væri.

Í umsóknargögnum kemur fram að núverandi vatnsból í Búlandsá sé í opinni stíflu í Búlandsdal um 4 km ofar en áformað nýtingarsvæði. Þar hafa verið nýttir um 15 l/s fyrir þéttbýlið á Djúpavogi. Vorið 2024 hafi leyfishafi látið bora tvær rannsóknarholur í eyrar Búlandsár þar sem áin renni fram úr giljum úr Búlandsdal, skammt ofan þjóðveggar. Að borun lokinni hafi verið staðfest með dæluprófun að mögulegt væri að dæla allt að 20 l/s úr hvorri holu.

Fram kemur í umsókn og fylgigögnum að nýtingarsvæðið skarist lítillaga við náttúruvættið Teigarhorn sem sé friðlýst sem fólkvangur. Allri jarðvinnu sé lokið og aðeins frágangur eftir. Borholurnar voru tilkynntar til Orkustofnunar 22. mars 2024. Fram kemur í viðbótargögnum að Umhverfisstofnun hafi veitt leyfi til framkvæmda á friðlýsta svæðinu dags. 3. apríl 2024 og 1. maí 2024.

Fram kemur í gögnum leyfishafa að um vatnsveitu Djúpavogs renni að jafnaði 26 l/sek, sem sé meira en sem nemi vatnspörf bæjarfélagsins, sem sé að jafnaði um 15 l/s, og sé vatnstankur

Þess yfirleitt á yfirfalli. Það sé þó ekki nema brot af því flæði sem sé að jafnaði í ánni sem sé líklega a.m.k 100 l/sek. Hitastig grunnvatnsins sé 3°C fyrir upphaf vinnslu og selta 0 ‰.

Fram kemur að grunnvatnsstaða í eyrinni við borholurnar sé um 1 m undir yfirborði. Við dælingu verði staðbundinn en óverulegur niðurdráttur. Samkvæmt dæluþrófum sé niðurdráttur við 10 l/s dælingu u.þ.b 2,5 m í annarri holunni og 4,5 m í hinni. Vegna mikillar vatnsgæfni í eyrunum verði áhrif niðurdráttar ekki á stóru svæði og erfitt sé að sjá að þetta komi til með að hafa víðtæk áhrif á flæði í ánni og verði heildarvatnstaka minni en áður. Vænta megi að áhrif vatnstöku úr borholunum á grunnvatnsborð yrðu mjög staðbundin og að flæði árinna og vatnsmagn aukist frekar en minnki. Því megi ætla að framkvæmdir og nýting muni ekki hafa víðtæk áhrif á magnstöðu grunnvatnshlutsins.

Efnafræði árinna og grunnvatnsins muni ekki verða fyrir langvarandi áhrifum af framkvæmdum vegna nýs vatnsból. Skilgreining á nýju vatnsverndarsvæði muni stuðla að auknu eftirliti og vernd á svæðinu og tryggja góða magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnsins sem sé forsenda reksturs vatnsveitu.

Í áhrifamati leyfishafa kemur fram að magnstaða grunnvatnsins og staða árinna séu góð og fáir þættir sem hafi áhrif dagsdaglega. Efnafræðilegt ástand stjórnist alfarið af náttúrulegum þáttum, fyrir utan þjóðveginn sem geti haft áhrif á neðsta hluta árinna og grunnvatn þar í kring. Magnstaða grunnvatnsins stjórnist líka alfarið af náttúrulegum þáttum, utan þeirrar vatnstöku sem nú þegar eigi sér stað fyrir vatnsveitu Djúpavogs, staðan sé góð vegna nægrar úrkomu sem tryggi vatnsforða.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið afstöðu til áhrifamatsins og telur það fullnægjandi.

Málsmeðferð

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt, samkvæmt 17. gr. auðlindalaga, að nýting auðlinda í jörðu sé þannig að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga óskaði Umhverfis- og orkustofnun umsagna Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunar og sveitarfélagsins Múlaþings um umsókn leyfishafa. Stofnunin óskaði jafnframt umsagnar Framkvæmda-sýslunnar - Ríkiseigna, fyrir hönd Ríkissjóðs sem landeiganda, með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Erindin voru send með tölvupósti þann 13. janúar 2025 og var óskað eftir því að umsagnir bærust eigi síðar en 17. febrúar 2025. Tekið var fram að ef ekki bærust umsagnir fyrir tilgreindan umsagnarfræst liti stofnunin svo á að ekki væru gerðar athugasemdir við umsóknina.

Umsagnir

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umsókn leyfishafa, umsagnir sem stofnuninni bárust og svör leyfishafa við þeim.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar dags 14. febrúar 2025 bendir stofnunin á að nýtingarsvæðið sé innan fólkvangsins á Teigarhorni og skarist lítillaga við náttúruvættið Teigarhorn. Samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þurfi leyfi stofnunarinnar fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins en ekki komi fram hvort það leyfi sé fyrir hendi.

Ekki liggja fyrir rannsóknir á vatnshlotinu en mikilvægt sé að efnafræðilegt ástand sé þekkt í nýju vatnsbóli og fylgst verði með breytingum með reglulegri vöktun.

Fram hafi komið í dæluprófun að dæling 10 l/s valdi niðurdrætti um 2,5 og 4,5 m. Óvíst sé hversu mikill niðurdráttur verði við hámarksnýtingu upp á 40 l/s. Þetta þurfi að kanna betur og ætti hámarksnýting að miðast við áhrif nýtingar á grunnvatnið og hversu lengi vatnsbólið sé að jafna sig. Mikilvægt sé að fylgjast vel með niðurdrætti og gæðum vatnsins eftir að nýting hefjist.

Nýtingarleyfið ætti að miðast við 30 ár og setja eigi skilyrði um reglulega vöktun á niðurdrætti og ástandi grunnvatnsins, a.m.k fyrstu árin.

Viðbrögð leyfishafa

Í svari leyfishafa, dags 18. febrúar 2025, vegna umsagnar Náttúruverndarstofnunar kom fram að í tvígang hafi verið sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar til framkvæmda á fólkvanginum og náttúruvættinu Teigarhorni, annars vegar vegna borunar holanna, og hinsvegar vegna lagnavinnu og uppsetningar lokahúss. Í bæði skiptin hafi leyfi verið veitt. (Afrit af leyfi fylgdi með svarinu til Umhverfis- og orkustofnunar). Rannsóknir á efnafræðilegu ástandi hafi ekki verið gerðar í nýja vatnsbólinu en eftirlit með vatnsbólum felist samkvæmt reglugerð í heildarefnagreiningu ár hvert og muni HAUST sinna því sem eftirlitsaðili. Í ljósi þess að núverandi vatnsból sé í Búlandsá þá séu til árlegar heildarefnagreiningar af árvatninu. Ætla megi að rennsli til borholanna sé að langmestu leyti grunnvatn sem sé endurnýjað úr Búlandsá. Dælupróf sýni að niðurdráttur við 25 l/s í holu DPV-33 séu tæpir 4 m (5m-1m) en hin holan hafi aðeins verið dæld upp í 15 l/s og niðurdráttur verið um 6 m við þá dælingu. Mikilvægt sé fyrir rekstur vatnsbóls að niðurdráttur sé hóflegur og í jafnvægi, því hafi þegar verið komið fyrir kafmælum sem mæli niðurdrátt og verði rauntímavöktun á niðurdrætti í báðum holum. Vatnsgæði séu undir reglulegu eftirliti HAUST sem verði áfram samkvæmt reglugerð. HEF veitur fallist á að leyfið verði veitt til 30 ára.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar dags 3. febrúar 2025 bendir stofnunin á að dæluþrófun sýni allt að 2,5 og 4,5 m niðurdrátt á grunnvatni við dælingu á 10 l/s úr hvorri holu. Af gögnum megi ætla að við dælingu á 15 l/s úr hvorri holu verði niðurdráttur allt að 3 m og 7 m. Aukin áætluð vatnstaka frá fyrri áætlun muni því þýða aukna dælingu og meiri niðurdrátt. Æskilegt væri að hafa betri gögn um vatnsmagn í ánni á hverjum tíma áður en til nýtingar á grunnvatni kæmi til að geta metið hvort vatnstakan muni hafa áhrif á magnstöðu árinna. Ef teknir verði 40 l/s megi búast við að það geti haft áhrif á magnstöðuna, einkum á lágrennslistíma, og þar með lífríkið í ánni.

Hafrannsóknastofnun bendir einnig í umsögn sinni á að sjóbleikjustofn sé í ánni sem eigi almennt undir högg að sækja á Íslandi og víðar, því sé vert að fara með gát. Stofnunin vekur athygli á því að í 33. grein laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 séu eftirfarandi ákvæði: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.“ Þar séu og ákvæði um að leita skuli álits viðkomandi veiðifélags ef um slíkt sé að ræða. Þá vilji stofnunin benda á að mikilvægt sé við allar framkvæmdir að þær raski sem minnst búsvæðum lífvera eða vatnsgæðum árinna.

Viðbrögð leyfishafa

Í svari leyfishafa dags. 25. febrúar 2025, við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að í upphafi framkvæmdaferils í maí 2024 hafi bæði verið óskað eftir umsögn stofnunarinnar og leyfi Fiskistofu fyrir framkvæmdinni og hafi bæði verið veitt. Farið hafi verið eftir tilmælum Hafrannsóknastofnunar um að halda raski í lágmarki við þverun árinna og aðrar framkvæmdir, sem nú sé lokið. Burtséð frá kröfum stofnunarinnar sé ávallt leitast við að halda raski í lágmarki við framkvæmdir HEF veitna enda sé það allra hagur. Rétt sé að áréttu að niðurdráttur í holunum við 10 l/s og 15 l/s dælingu sé 3 og 6 m í holu nr. DPV-32 annarsvegar og 1m og 2m í holu nr. DPV-33 hinsvegar. Þá sé réttilega miðað við óhreyft vatnsborð en ekki fóðringartopp. Gögn um flæði í ánni séu ekki til svo vitað sé, en ljóst sé að mikill breytileiki sé á rennsli hennar. Hvað varði magnstöðu gagnvart nýtingu, þá sé verið að skipta út vatnsbólunum í Búlandsdal. Þar renni stanslaust um 26 l/s úr ánni í vatnsveituna og vatnstankurinn á Djúpvaggi sé oftast nær á yfirfalli. Meðalvatnstaka úr ánni muni minnka með tilkomu nýs vatnsbóls. Fyrirhuguð meðalnotkun verði um 15 l/s en notkunartoppur geti farið yfir 20 l/s. Sótt hafi verið um 30 l/s sem viðmið í fyrstu til að geta dekkað mögulega aukna eftirspurn á gildistíma nýtingarleyfisins. Viðmiðið hafi verið hækkað í 40 l/s en fyrsta áratuginn sé ólíklegt að nýting muni komast nálægt því og óvíst með árin eftir það. Afkastageta holanna sé óbreytt og þegar hafi verið settur upp búnaður sem mæli niðurdrátt í rauntíma. Fyrir rekstur vatnsbóls sé mikilvægt að ganga ekki of nærri afkastagetu borholanna og hætta þar með á að þær geti dregið til sín ósíað vatn frá yfirborði. Dælu

verði stilltar þannig að þær slái af verði niðurdráttur of mikill. Þetta telji HEF veitur tryggja að ekki verði gengið of nærri auðlindinni og að magnstaða í ánni muni batna heilt yfir vegna aflagningar gamla vatnsbólsins.

Umsögn Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna

Í umsögn Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna 31. janúar 2025 kemur fram að landeigandi geri ekki athugasemd við umsókn um nýtingu á grunnvatni úr nýjum borholum við Búlandsá vegna neysluvatns fyrir Djúpavog. Stofnunin leggi áherslu á að öll umgengni við framkvæmdina verði til fyrirmyndar og vel verði frá öllu gengið.

Umsögn sveitarfélagsins Múlaþings

Í umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs sveitarfélagsins Múlaþings 3. febrúar 2025 kemur fram að það geri ekki athugasemd við fyrirbyggjandi áform HEF veitna.

Umfjöllun

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið til skoðunar umsókn leyfishafa, umsagnir sem stofnuninni bárust og viðbrögð umsækjanda við þeim í samræmi við VIII. kafla auðlindalaga og almennar reglur stjórnisýsluréttarins.

Umhverfis- og orkustofnun tekur undir með leyfishafa að góð magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots sé forsenda reksturs vatnsveitu. Stofnunin tekur einnig undir með Náttúruverndarstofnun og Hafrannsóknastofnun um að hámarksnýting ætti að miðast við áhrif nýtingar á grunnvatnshlotið og hversu lengi vatnsbólið sé að jafna sig, mikilvægt sé að efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins sé þekkt, fylgst verði vel með niðurdrætti og gæðum vatnsins eftir að nýting hefjist og fylgst verði með breytingum með reglulegri vöktun. Einnig að vert sé að fylgjast með áhrifum vatnsvinnslunnar á straumvatnshlotið Búlandsá 1 og tryggjast sé að vinnslan raski sem minnst rennsli árinna og búsvæðum lífvera í og við Búlandsá.

Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að meginskilyrði nýtingarleyfis er að vinnslu grunnvatns sé hagað þannig að nýting vatnsauðlindar verði sem best til lengri tíma litið og þess sé gætt að ekki sé tekið meira vatn en þörf er á til neyslu, sbr. 25. gr. auðlindalaga og 3. gr. leyfis. Þá vísar Umhverfis- og orkustofnun til ákvæðis 6. gr. leyfis þar sem kveðið er á um að leyfishafi skuli m.a. skrá magn og nýtingarhraða grunnvatns sem bæði er tekið upp og þess sem er nýtt. Leggur stofnunin áherslu á að áhrif vatnstöku á magnstöðu grunnvatns og rennsli Búlandsár séu vandlega metin í samræmi við lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Fyrirhuguð ferskvatnsvinnsla leyfishafa verður að mestu leyti úr grunnvatnshlotinu Austfirðir (nr. 102-292-G) en áhrif af fyrirhugaðri grunnvatnstöku gætu hugsanlega teygst sig inn í aðliggjandi straumvatnshlot Búlandsá 1 (nr. 102-1004-R). Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins Austfirðir er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand en áhætta er óskilgreind. Umhverfismarkmið straumvatnshlotsins Búlandsá 1 er að hafa mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand og samkvæmt núverandi áhættumati er það ekki talið í hættu.

Í vatnaáætlun 2022-2027 er krafa um að þeir sem valda álagi á vatnsauðlindina eigi að framkvæma mælingar á gæðapáttum vatnshlotanna áður en framkvæmdir hefjist. Leyfishafa ber því að setja af stað vöktun á gæðapáttum fyrir umrædd grunnvatns- og straumvatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun minnir á að samkvæmt 12. gr. laga, nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, skal m.a. vernda grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Tryggja ber sjálfbæra nýtingu grunnvatns svo jafnvægi sé á milli vatnstöku og endurnýjunar. Ef sýnt verður fram á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki hefur stofnunin heimild til að taka leyfið til endurskoðunar eða setja ný skilyrði, sbr. ákvæði 2. mgr. 17. gr. auðlindalaga, og 9. gr. leyfisins.

Skipulag og umhverfismat

Fram kemur í umsókn og fylgigögnum að nýtt vatnsverndarsvæði hafi verið skilgreint sem muni taka gildi með nýju aðalskipulagi Múlapings árið 2025. Deiliskipulag Teigarhorns var samþykkt 12. apríl 2018 og auglýst 6. september 2018, samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og í samræmi við þágildandi aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020.

Fyrirhuguð vatnsnýting er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem vinnslan nær ekki 70 l/s, sbr. lið 10.20 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun hefur í ljósi framanritaðs metið innsend gögn, aðrar tilgreindar heimildir og komist að þeirri niðurstöðu að nýtingarleyfi til handa leyfishafa sé í samræmi við 17. gr. auðlindalaga.

Með vísan til ofangreinds, og í samræmi við IV. kafla auðlindalaga, hefur Umhverfis- og orkustofnun ákveðið að veita HEF veitum leyfi til 30 ára til að nýta allt að 40 l/s af fersku grunnvatni, á tilgreindu leyfissvæði. Meðalnýting yfir árið skal þó ekki vera meiri en sem nemur 15 l/s.

Samkvæmt 33. gr. auðlindalaga sæta ákvarðanir Umhverfis- og orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun nýtingarleyfa samkvæmt lögnum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, og skal kæra borin fram innan 30 daga frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina, nr. 130/2011.